



## Bæjarstjórn Garðabæjar 6. (958)/2025

Boðað er til 6. (958). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 3. apríl 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2503031F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/3 '25.
2. 2503041F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/4 '25.  
  
2501296 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Kumlamýrar 25-27.  
  
2502449 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar.  
  
2111064 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, höfuðborgarsvæðið 2040 og tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.  
  
2409103 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts.  
  
2109102 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns.  
  
2202488 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem gerir m.a. ráð fyrir golfvelli og útivistarskógi.  
  
2410080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til rammahluta Vífilsstaðalands.  
  
2502521 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulagsbreytingu fyrir einbýlishúsalóðirnar Skerpluholt 6, 8, 10.
3. 2503025F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 19/3 '25.
4. 2503036F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 27/3 '25.
5. 2503022F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 19/3 '25.
6. 2503037F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 26/3 '25.
7. 2503027F - Fundargerð velferðarráðs frá 21/3 '25.



8. 2501149 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 17/3 og 28/3 '25.
9. 2501405 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 5/3 '25.
10. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 14/3 '25.
11. 2412068 - Félag um rekstur almenningssamgangna
12. 2408525 - Ársreikningur Garðabæjar 2024

Almar Guðmundsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**5. (957). fundur 2025**

Fimmtudaginn 20. mars 2025 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvínsson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson varabæjarfulltrúi og Raket Steinberg Sölvadóttir varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 6. mars 2025 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2503009F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/3 '25.**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 8.tl. upplýsingabeiðni Alþýðusambands Íslands, SGS og Eflingar um útvistun sveitarfélagsins á ræstingu og þrifum.

Raket Steinberg Sölvadóttir ræddi 1.tl. sjóvarnir á Álftanesi og í Garðahverfi, 3.tl. upplýsingaöryggisstefnu Garðabæjar og 4.tl. kjarasamninga KÍ.

Björg Fenger ræddi 2.tl. þjónustumiðstöð Garðabæjar og 5.tl. umsögn Garðabæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 4.tl. kjarasamninga KÍ.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 5.tl. umsögn Garðabæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Hlynur Bæringsson ræddi 4.tl. kjarasamninga KÍ og 5.tl. umsögn Garðabæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Almar Guðmundsson ræddi 3.tl. upplýsingaöryggisstefnu Garðabæjar, 4.tl. kjarasamninga KÍ, 5. tl. umsögn Garðabæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og 8.tl. upplýsingabeiðni Alþýðusambands Íslands, SGS og Eflingar um útvistun sveitarfélaga á ræstingu og þrifum.

Fundargerðin sem er 11.tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 2503017F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/3 '25.**

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ.

Raket Steinberg Sölvadóttir ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ, 2.tl. neyðarstjórn - æfingu 2025 - jarðskjálfta- og eldgosavá og 5.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 vegna lóðanna við Urriðaholtsstræti 1-7.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ.

Björg Fenger ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ, 2.tl. neyðarstjórn - æfingu 2025 - jarðskjálfta- og eldgosavá, 3.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum.4.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir tvo vegkafla Arnarnesveggar, 5.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 vegna lóðanna við Urriðaholtsstræti 1-7 og 7.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls að nýju og ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholt norður - raðhús - fjölbýlishús íbúðareiningar.

Rakel Steinberg Sölvadóttir tók til máls að nýju og ræddi 5.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 vegna lóðanna við Urriðaholtsstræti 1-7.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ, 2.tl. neyðarstjórn - æfingu 2025 - jarðskjálfta og eldgosavá, 5.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 vegna lóðanna við Urriðaholtsstræti 1-7 og 9.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2015 - landnotkun AT1 reits við Hólshraun. Vakti hann athygli á að fyrir liggi að Hafnarfjörður hafi fallið frá áformum sínum um breytingar á aðalskipulagi bæjarins að þessu leyti til.

Fundargerðin sem er 12 tl. er samþykkt samhljóða.

2411159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi beiðni Hafnarfjarðarbæjar um umsögn um tillögu að deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum sem nær til svæðis umhverfis Hrafnistu. Skipulagsnefnd Garðabæjar gerði ekki athugasemd við tillöguna.

2409396 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir tvo vegkafla Arnarnesveggar.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi tillögu að lýsingu vinnu við gerð deiliskipulags fyrir tvo vegkafla Arnarnesveggar, annars vegar fyrir um 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarveggar og Reykjanesbrautar, innan Garðabæjar og Kópavogs (A) og hins vegar fyrir um 1,1 km kafla, milli Fífuhammsveggar að Rjúpnavegi innan Kópavogs (B). Deiliskipulagsáætlanirnar tvær munu ná yfir veghelgunarsvæðin, stíga og gatnamót að nálægum íbúðarsvæðum. Unnið er að veghönnun beggja vegkaflanna með breytingum sem eru til þess ætlaðar að auka umferðaröryggi og um leið eru hljóðvarnir, stígatengingar og innviðir almenningsgangna yfirfarin. Bæði deiliskipulögin eru áfangar í þeirri vegferð að í gildi verði deiliskipulög fyrir Arnarnesveg innan Kópavogs og Garðabæjar. Skipulagsnefnd samþykkti framlagða lýsingu í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal hún kynnt almenningi og umsagnaraðilum.

2502444 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 vegna lóðanna við Urriðaholtsstræti 1, 3-5 og 7.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 4. áfanga sem nær til lóðanna Urriðaholtsstræti 1, Urriðaholtsstræti 3-5 og Urriðaholtsstræti 7. Í breytingartillögunni felst eftirfarandi: Urriðaholtsstræti 1: - Byggingarreitur bílgeymslu stækkar. - Fjöldi hæða verður 2 hæðir í stað 1-2 hæðir. - Gerður er meiri sveigjanleiki í útfærslu þaks. Flatt þak skal ekki vera hærra en 9 metrar yfir aðkomuhæð. Sé bygging með mænispaki eða einhalla hækkar hámarkshæð byggingar úr 9 m í 12 m. Við slíka útfærslu skal hámarksvegghæð ekki vera meiri en 8 metrar upp að þakbrún mænispaks. Meðalhæð slíks þaks skal þó ekki vera hærri en 9,5 m. - Heimilað er að byggja kalt úpphitað garðsvæði (A eða B rými) á lóð. - Byggingarmagn á lóð eykst um 500 m<sup>2</sup> vegna úpphitaðs garðrýmis á lóð. Urriðaholtsstræti 3-5: - Byggingarreitur á lóð breytist. - Lóðamörk milli lóða Urriðaholtsstrætis 3-5 og 7 breytast og kvöð um gegnumakstur milli lóða 3-5 og 7 er felld niður. - Heimilt verður að koma fyrir gróðurhúsi á þaki 1. hæðar. - Byggingarmagn atvinnuhúsnæðis á lóð minnkar um 500 m<sup>2</sup> en eykst í bílgeymslu um 732 m<sup>2</sup>. - Hæð húss breytist innbyrðis en hámarkshæð er óbreytt. - Bilastæðakrafa er aukin úr 1 stæði fyrir hverja 30 m<sup>2</sup> í eitt stæði fyrir hverja 25 m<sup>2</sup>. Urriðaholtsstræti 7: - Notkun breytist úr verslun- og þjónustu í íbúðir fyrir 50 ára og eldri. - Almennir skilmálar fyrir íbúðir í norðurhluta 4 gilda fyrir lóðina eftir breytingu. - Salarhæðir og hæðafjöldi byggingar breytist en hámarkshæð húss helst óbreytt. - Heimilað byggingarmagn eykst úr 4.000 m<sup>2</sup> í 5.000 m<sup>2</sup> vegna íbúða neðan aðkomuhæðar og skilgreint er byggingarmagn fyrir B rými svala. Byggingarmagn bílgeymslu minnkar sem því nemur. - Byggingarreitur breytist. Byggingarreitur er brotinn upp og myndaðar sjónlínur milli byggingahluta. - Lóðamörk milli Urriðaholtsstrætis 3-5 og 7 breytast og kvöð um gegnumakstur milli lóða er felld niður. - Bilastæðum á lóð fækkar til samræmis við breytta notkun. - Aðkoma að bílakjallara breytist. Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er gerð númerabreyting á lóðum þannig að lóð nr. 3-5 verður eftir breytingu lóð nr. 3 og lóð nr. 7 verður eftir breytingu lóð nr. 5-7. Urriðaholt ehf. hefur kynnt rekstraraðilum í nágrenninu drög að tillögunni. Tillagan er í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á auglýsingartíma.

2406282 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholt norður - raðhús - fjölbýlishús íbúðareiningar.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu Hnoðraholts norður sem gerir ráð fyrir fjölgun íbúðareininga í raðhúsum og fjölbýlishúsum. Tillagan hefur verið samþykkt í bæjarstjórn en Skipulagsstofnun bendir á í erindi sínu dags. 10. mars að skýra þurfi betur afstöðu bæjarstjórnar til athugasemda Kópavogsbæjar sem borist hafa. Athugasemd Kópavogsbæjar laut að því að fjölgun íbúða í Hnoðraholti hafi ekki neikvæð áhrif á lóðir í landi Kópavogsbæjar og að ákvörðun um fyrirkomulag Vorbrautar sunnan Þorrasala liggi fyrir áður en umrætt svæði er tekið í notkun. Skipulagsnefnd lagði til að eftirfarandi ákvæði yrði bætt við í greinargerð tillögunnar sem sett fram á uppdrætti: Í kafla 2.7.1 Gatnakerfi í greinargerð deiliskipulags Hnoðraholts norður er sett fram stefna um legu og útfærslu Vorbrautar sunnan við Þorrasali í Kópavogi. Áfram er stefnt að því að lega og útfærsla Vorbrautar til austurs verði eins og rammahluti aðalskipulagsins kveður á um. Tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðraholts sem forkynnt var í febrúar 2025 gerir ráð fyrir því að sú leið verði farin að Vorbraut færast fjær íbúðarbyggð við Þorrasali, auk þess að vera talsvert neðar í landi. Skipulagsnefnd benti einnig á bókun skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts þar sem þeim tilmælum er beint til umhverfissviðs og ráðgjafa að unnin verði greinargerð sem

metur áhrif umferðar á Vorbraut. Sérstaklega skuli þar horft til áhrifa á hljóðvist. Nefndin benti einnig á að endanlegur fjöldi íbúðareininga í Hnoðraholti hefur enn ekki verið ákvarðaður enda liggur deiliskipulag suðurhluta ekki fyrir. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með ofangreindri breytingu sem breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2203422 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til ákvæða og umfjöllunar um stígakerfi í 4. kafla greinargerðar aðalskipulagsins sem fjallar um samgöngu- og þjónustukerfi. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf. gerði grein fyrir tillögunni. Viðfangsefni breytingartillögunnar er heildarendurskoðun á stígakerfi Garðabæjar og er áætluninni ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð, verkhönnun og uppbyggingu stíga í Garðabæ til framtíðar. Markmiðið er að til verði stefna um vistvænar samgöngur og uppbyggingu stígakerfisins í þágu útivistar og lýðheilsu og umhverfisverndar, með öryggi að leiðarljósi. Tillagan var sett fram í greinargerð í A4 formi með skýringarmyndum og uppdráttum. Tillagan hefur verið í mótun á umhverfissviði og hjá skipulagsráðgjafa. Verkefnisstjóri var Hrönn Hafliðadóttir fyrir hönd umhverfissviðs og Anna Kristín Guðmundsdóttir fyrir hönd Landslags ehf. Leitað var til almennings, félagasamtaka og stjórnkerfis bæjarins og kallað eftir hugmyndum og ábendingum. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á forkynningu stendur og stefnt er að því að hann verði haldinn 2. apríl nk.

2502154 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarna við Hliðsnesveg.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarna við Hliðsnesveg. Að stórum hluta er um að ræða endurgerð og lagfæringar á núverandi sjóvörnum. Skipulagsnefnd vísaði umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal eigendum húsa í Hliðsnesi og Umhverfisstofnun þar sem að friðlýst svæði liggur að svæðinu og hluti framkvæmdarsvæðis nær inn í friðlýst svæði Skerjafjarðar.

2502106 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 - landnotkun AT1 reits við Hólshraun.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem gerir ráð fyrir landnotkunarreit fyrir íbúðarbyggð sem gerir ráð fyrir 6 smáhýsum sem eru ætluð einstaklingum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Reiturinn er á núverandi athafnasvæði við sveitarfélagsmörk að Garðabæ, rétt austan við Fjarðarkaup. Skipulagsnefnd Garðabæjar sýnir því skilning að finna þurfi viðeigandi stað fyrir úrræði sem tillagan gerir ráð fyrir. Hér er lögð til staðsetning sem er fjarri íbúðarbyggð í Hafnarfirði en nefndin bendir á að íbúðarbyggð Garðabæjarmegin er innan seilingar. Nefndin tekur undir umsögn Vegagerðarinnar um fyrirhugaðan Álftanesveg en staðsetningin sem tillagan gerir ráð fyrir liggur að vegstæði hans. Skipulagsnefnd telur því staðsetninguna óheppilega.

2403271 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, breyting á rammahluta Vífilsstaðalands. Tilfærslur á íbúðafjölda.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til rammahluta Vífilsstaðalands. Tillagan hefur verið samþykkt í bæjarstjórn en Skipulagsstofnun benti á í erindi sínu dags. 10. mars 2025 að skýra þurfi betur afstöðu bæjarstjórnar til athugasemda Kópavogsbæjar sem borist hafa. Athugasemd Kópavogsbæjar laut að því að fjölgun íbúða í Hnoðraholti hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif á lóðir í landi Kópavogsbæjar og að ákvörðun um fyrirkomulag Vorbrautar sunnan Þorrasala liggi fyrir áður en umrætt svæði er tekið í notkun. Skipulagsnefnd lagði til að eftirfarandi ákvæði yrði bætt við í umfjöllun breytingartillögunnar í kaflanum Áhrif á umhverfi: "Í kafla 4.2.5 Göturými í greinargerð Rammahluta Vífilsstaðalands er á bls. 36 sett fram stefna um legu og útfærslu Vorbrautar framan við Þorrasali í Kópavogi. Áfram er stefnt að því að lega og útfærsla Vorbrautar til austurs verði eins og rammahluti aðalskipulagsins kveður á um. Tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðrahólts sem forkynnt var í febrúar 2025 gerir ráð fyrir því að sú leið verði farin að Vorbraut færist fjær íbúðarbyggð við Þorrasali auk þess að vera talsvert neðar í landi. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með ofangreindri breytingu sem breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**3. 2503012F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 11/3 '25.**

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 1.tl. jazzþorpið í Garðabæ, 2.tl. barnamenningarhátíð í Garðabæ og 3.tl. menningarstefnu Garðabæjar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 2.tl. barnamenningarhátíð í Garðabæ og 1.tl. jazzþorpið í Garðabæ.

Fundargerðin er lögð fram.

**4. 2503015F - Fundargerð leikskólanefndar frá 13/3 '25.**

Margrét Bjarnadóttir ræddi 2.tl. innritun í leikskóla 2025.

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 2503014F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/3 '25.**

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 2503004F - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla frá 10/3 '25.**

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 2502035F - Fundargerð ungmennaráðs frá 4/3 '25.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi fundargerðina, 2.tl. strætó og samgöngur í Garðabæ - undirbúningur fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómstundaráðs.

Hlynur Bæringsson ræddi fundargerðina, 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúningur fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómstundaráðs.

Ingvar Arnarson ræddi fundargerðina, 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúningur fyrir fund með

Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi fundargerðina, 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúning fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs og 3.tl. önnur mál.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúning fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs.

Rakel Steinberg Sölvadóttir ræddi 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúning fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúning fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs.

Ingvar Arnarson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúning fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs.

Hlynur Bæringsson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. strætó og samgöngur - undirbúning fyrir fund með Hrannari Braga formanni íþróttá- og tómsundaráðs.

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/3 '25.**

Fundargerðin er lögð fram.

**9. 2502221 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19/2 '25.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. Samgöngusáttmálann og 2.tl. endastöð Skúlagötu.

Fundargerðin er lögð fram.

**10. 2501405 - Fundargerðir 2025 - Sorpa**

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. ársuppgjör Sorpu bs. fyrir starfsárið 2024 lagt fram til kynningar og 2.tl. dagsetningu aðalfundar.

Fundargerðin er lögð fram.

**11. 2502251 - Fundargerð stjórnar SHS frá 28/2 '25.**

Fundargerðin er lögð fram.

**12. 2502329 - Umsókn Brynju leigufélags um stofnframlag.**

Bæjarstjórn samþykkir að verða við erindi Brynju leigufélags ses. um greiðslu stofnframlags vegna kaupa á þremur tveggja og þriggja herbergja íbúðum í Garðabæ árið 2025. Áætlað kaupverð er 205,2 mkr. og nemur stofnframlag 12% eða 24,6 mkr. (mál nr. 2502329)

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 20. mars 2025 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir

Björg Gunnar

Dígr. Hulda Þórunn

Jóna Gunnar

Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Rósa Steinberg Sól

Gunnar Gunnar

Þorbjörg Gunnar

Þorbjörg Gunnar

Þorbjörg Gunnar

Þorbjörg Gunnar

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**12. (2160). fundur 2025**

Þriðjudaginn 25. mars 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2407142 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 (2025-2028)**

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri fór yfir minnisblað um fjármögnun kostnaðarauka sem fylgir heildaráhrifum kjarasamninga KÍ á fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2025. Bæjarráð vísar málinu til frekari skoðunar og útfærslu hjá bæjarstjóra.

**2. 2501543 - Opnun tilboða - Ástandsmat fráveitu, hreinsun og myndun lagna.**

Eftirfarandi tilboð bárust í hreinsun og myndun lagna:

Aval ehf. kr. 25.910.966

Verkval ehf. kr. 22.211.620

Hreinsitækni ehf. kr. 26.872.570

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Verkval ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útbóðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útbóðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**3. 2503412 - Húsnæðismál bæjarskrifstofu.**

Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir stöðu húsnæðismála á bæjarskrifstofum, en nýverið komu í ljós rakaskemmdir og myglugró greindist í sýnum á 3. hæð bæjarskrifstofanna.

Viðbragðsáætlun hefur verið sett af stað og er unnið að viðgerðum og viðbrögðum í samræmi við viðbragðsáætlunina. Umfang skemmdanna liggur ekki fyrir, en um staðbundnar skemmdir virðist vera að ræða og hamla þær ekki eðlilegri starfsemi á bæjarskrifstofunum.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra til frekari eftirfylgni.

4. **2503367 - Bréf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi samræmda úttekt á slökkvivatni vatnsveitna á Íslandi, dags. 19. mars 2025.**

Bréf Brunavarnasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ) ásamt Fagráði vatnsveitna SAMORKU, samtaka orku- og veitufyrirtækja á Íslandi varðandi samstarf er varðar samræmda úttekt á slökkvivatni vatnsveitna á Íslandi, lagt fram.

Í bréfinu er farið yfir mikilvægi þess að tryggja gott samstarf milli vatnsveitna og slökkviliða og að horft sé til takmarkandi þátta og svæða veitukerfa sem og áhættumats slökkviliðs á hverju starfssvæði.

Meðfylgjandi erindinu fylgdi forskráð verklag sem áður nefndur samráðshópur hefur komið sér saman um varðandi framkvæmdina sem og spurningarlisti varðandi uppbyggingu og áfallaþol viðkomandi veitukerfis.

Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu á umhverfissviði.

5. **2503429 - Ránargrund 4 - Fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi.**

Lögð fram fyrirspurn Zeppelin arkitekta f.h. World Class vegna breytinga á deiliskipulagi Ránargrunda 4 (Sjálands). Í erindinu koma fram hugmyndir um stækkun húsnæðisins með það að markmiði að opna annars vegar líkamsræktarstöð og heilsulind í viðbyggingu og hins vegar veitingastað og veislusal í núverandi byggingu.

Bæjarráð telur nauðsynlegt að málið verði rýnt sérstaklega m.t.t. nokkurra þátta. Fyrir liggur að Arnarnesvogur er friðlýstur sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 878/2009 sem gæti haft áhrif á umræddar hugmyndir.

Þá eru áform fyrirspyrjanda um byggingarmagn umfram skilgreiningar í deiliskipulagi Ása og Grunda, sem ná jafnframt út fyrir byggingarreit skv. skipulaginu og hafa áhrif á lóð Ránargrunda 2. Einnig þarf að rýna umferðarsköpun og bílastæðapörf skv. áformum fyrirspyrjanda.

Bæjarráð vísar erindinu til umhverfissviðs til skoðunar.

6. **2503395 - Bréf Hestamannafélaganna Sprettis og Sörla varðandi reiðleið við Smyrlabúðarhraun, dags. 11. mars 2025.**

Erindi hestamannafélagsins Sprettis og hestamannafélagsins Sörla varðandi reiðleið við Smyrlabúðarhraun.

Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar á umhverfissviði.

7. **2411372 - Samstarf vegna barna í viðkvæmri stöðu - kynning.**

Sviðsstjóri fræðslu- og fristundasviðs kynnti stöðu við vinnu samstarfssamnings vegna barna í viðkvæmri stöðu.

8. **2503392 - Styrkbeiðni Garðálfa, kórs eldri borgara á Álftanesi, dags. 16. mars 2025.**

Beiðni Garðálfa, kórs eldri borgara á Álftanesi um styrk til starfsemi kórsins.

Bæjarráð vísar málinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun.

9. **2503430 - Lausar kennslustofur.**

Bæjarráð samþykkir að gerð verði verðkönnun vegna leigu eða kaupa á færanlegum húseiningum fyrir lausar kennslustofur fyrir allt að 60 börn á leikskólastigi.

Bæjarráð felur umhverfissviði framkvæmd verðkönnunarinnar.

- 10. 2503391 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar, Borgarstefna, 158. mál, dags. 18. mars 2025.**

Lagt fram.

Fleira ekki gert,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 25. mars 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**13. (2161). fundur 2025**

Þriðjudaginn 1. apríl 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2408525 - Ársreikningur Garðabæjar 2024**

Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi, Arnór Orri Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, starfsmenn Enor, Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri og Helgi Kristjónsson, deildarstjóri bókhalds, mættu á fund bæjarráðs.

Davíð Búi Halldórsson, gerði grein fyrir rekstri bæjarins á árinu 2024, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Fjallað var um lykiltölur og helstu niðurstöður.

Bæjarráð samþykkir framlagðan ársreikning Garðabæjar 2024 samkvæmt 3.mgr. 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur er undirritaður af bæjastjóra og bæjarráði og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 3. apríl 2025 og síðari umræða á fundi bæjarstjórnar 15. maí 2025.

**2. 2412068 - Félag um rekstur almenningsamgangna**

Bæjarstjóri kynnti málið, með vísan til í uppfærðan samgöngusáttmála og kynningu á því máli og rekstri almenningsamgangna sem kynnt var í bæjarráði í febrúar sl. Í tillögunni felast ekki viðbótar fjárframlög miðað við þegar samþykktu fjárhagsáætlun Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að veita bæjarstjóra umboð fyrir hönd Garðabæjar að undirrita og samþykkja stofnsamning, samþykktir og hluthafasamkomulag Almenningsamgangna ohf., félags um rekstur almenningsamgangna.

Hrannar Bragi Eyjólfsson vék af fundi eftir þennan fundarlið. Almar Guðmundsson tók sæti hans sem varamaður.

**3. 2406112 - Tinnuvellir 8A og B- Umsókn um byggingarleyfi**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Nýmót ehf., kt. 421000-2280, leyfi til að byggja hesthús að Tinnuvöllum 8A og B.

**4. 2502555 - Súlunes 12 - Umsókn um byggingarleyfi**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóhannesi Erni Jóhannessyni, kt. 031265-5849, leyfi til að byggja sólskála að Súlunesi 12.

**5. 2005273 - Hönnun - Útboð - Hnoðraholtsræsi**

Eftirfarandi tilboð bárust í Hnoðraholtsræsi - fráveita.

D-Ing ehf., kr. 47.765.100.  
Fagurverk ehf., kr. 39.372.500.  
Garðyrkjuþjónustan ehf., kr. 57.036.000.  
Gleipnir verktakar ehf., kr. 69.000.000.  
Gott verk ehf., kr. 57.312.900.  
Jarðtækni ehf., kr. 56.776.700.  
Ljósþing ehf., kr. 56.335.500.  
Lóðþjónustan ehf., kr. 89.647.500.  
Stéttafélagið ehf., kr. 76.560.800.  
Stjörnugarðar ehf., kr. 56.248.000.  
Urð og grjót ehf., kr. 44.678.000.  
Dráttarbílar ehf., kr. 79.026.091.  
Klappað og klárt ehf., kr. 42.123.600.

Kostnaðaráætlun kr. 55.911.500.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Fagurverks ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86.gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106.gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**6. 2304003 - Meðferðarheimili að Friðarvöllum.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu meðferðarheimilis að Friðarvöllum 1 og viðræðum við ríkisvaldið um málið.

**7. 2503495 - Tilkynning um stjórnslukæru ÚUA nr. 49/2025. Framkvæmdir við lóðamörk Skerpluholts og Vorbrautar**

Lögð fram kæra lóðarhafa Skerpluholts 1, 3 5 og 7 til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála vegna framkvæmda við lóðir að Vorbraut 8, 10, 12 og 14.  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

**8. 2501296 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Kumlamýrar 25-27.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025, varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Kumlamýrar að lokinni grenndarkynningu. Tillagan nær til parhúslóðarinnar Kumlamýri 25 og 27. Engar athugasemdir bárust við tillöguna.

Skipulagsnefnd samþykkti breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Kumlamýrar í samræmi við 2.mgr.43.gr. og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

**9. 2502449 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags**

## Vetrarmýrar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

A. Vetrarbraut 11 og 13 er gert að einni lóð Vetrarbraut 11-13. Byggingarreitum er breytt og starfsemin verður þannig að á 1. hæð verður verslun og þjónusta, 2.-5. hæð verður verslun og þjónusta í þeim hluta sem liggur meðfram Reykjanesbraut, vesturbyggingu, þó með möguleika á íbúðum á 5. hæð. Í þremur álmum austan vesturbyggingar verða íbúðir á 2.-5. hæð.

B. Lóð Vetrarbrautar 15 er stækkuð að lóðarmörkum Vetrarbrautar 17 og byggingarreitir kjallara beggja lóða eru stækkaðir þannig að þeir mætast og gefa möguleika á samtengingu í kjallara.

C. Byggingarreitum er breytt og lóðin stækkuð á Vetrarbraut 19. Starfseminni er breytt í atvinnu þ.e. að horft er til að byggja á lóðinni þjónustumiðstöð fyrir aldraða auk hjúkrunarheimilis.

D. Knattspyrnuleikvangur er færður austar og stúkubyggingar sameinaðar í eina byggingu að vestanverðu. Byggingin verður fyrst og fremst fyrir verslun og þjónustu. Gerð er heimild fyrir bílakjallara undir stúkubyggingu.

E. Byggingarreitir eru vikkaðir að garði en á móti er sett bundin byggingarlína að götu á lóðunum Vetrarbraut 6-12, 16-28 og 32-34. Hámarksstærðir breytast ekki.

Ennfremur lagt fram minnisblað skipulagsráðgjafa um bílastæðakröfur deiliskipulags Vetrarmýrar.

Skipulagsnefnd fól skipulagsráðgjafa og umhverfissviði að skoða hvort fjölga mætti bílastæðum ofanjarðar í eða í kringum syðsta hluta deiliskipulagssvæðisins.

Skipulagsnefnd lagði til að tillagan yrði kynnt fyrir Ungmennafélaginu Stjórnunni.

Skipulagsnefnd vísaði tillögunni að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

## 10. 2111064 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, höfuðborgarsvæðið 2040 og tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025 varðandi tillögu að breytingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, annarsvegar og tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 hinsvegar.

Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir breytingu á vaxtarmörkum byggðar í Vífilsstaðalandi þannig að þau verði dregin um Elliðavatnsveg frá Vífilsstöðum að hesthúsabyggðinni á Kjóavöllum þannig að hesthúsabyggðin lendi öll innan vaxtarmarkna.

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir athafnasvæði í Rjúpnahlíð og Rjúpnadal austan við fyrirhugaðan kirkjugarð í Rjúpnadal.

Gerðar hafa verið breytingar á lýsingarskýrslum m.a. lögð ríkari áhersla á að við mótun tillagna verði tekið sérstakt tillit til nálægðar fyrirhugaðs athafnasvæðis við íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd samþykkti framlagðar verkefnislýsingar í samræmi við 1.mgr.23.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Skal hún send svæðisskipulagsnefnd og þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu til samþykktar.

**11. 2409103 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025 varðandi tillögu að deiliskipulagi háholts Hnoðraholts.

Tillagan gerir ráð fyrir 15 lóðum fyrir einbýlishús á 1 hæð, 11 lóðum fyrir einbýlishús á 2 hæðum, 18 lóðum fyrir raðhús á 1 hæð og 21 lóð fyrir raðhús á 2 hæðum.

Einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir leikskóla og búsetukjarna fyrir fatlað fólk með stuðningsþarfir.

Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Tillagan skal forkynnt samhliða með tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til sama svæðis.

**12. 2109102 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025, varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns að lokinni grenndarkynningu.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Molduhrauns í samræmi við 2.mgr.43.gr. og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

**13. 2202488 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem gerir m.a. ráð fyrir golfvelli og útivistarskógi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025, varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem gerir m.a. ráð fyrir golfvelli og útivistarskógi.

Ábendingar og umsagnir sem bárust í forkynningu kölluðu á ýmsar lagfæringar á tillögunni.

Fyrir lá minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu sem inniheldur mat á áhrifum tillögunnar á aðliggjandi byggð af völdum áætlaðrar umferðar á austurhluta Vorbrautar. Unnin var umferðarspá og hljóðvistargreining og tillit hefur verið tekið til nýjustu breytinga á fjölda íbúða í Hnoðraholti norður. Í niðurstöðu minnisblaðsins segir m.a.:

"Samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins sýnir að umferð vegna breyttrar uppbyggingarforsenda í rammahluta aðalskipulags Vífilsstaðalands er almennt séð minni en gert var ráð fyrir í fyrri greiningum. Þá má gera ráð fyrir að hljóðvist íbúa í Hnoðraholti N séu óbreyttar, ef ekki betri, en áður var gert ráð fyrir. Þ.e.a.s. ef að farið hefur verið í þær mótvægisáðgerðir sem áður voru lagðar til í Hnoðraholti N. Þá sýna greiningarnar einnig að bílaumferð sem mun leita um Vorbraut geti verið á bilinu 2.500-3.000 ökutæki á sólarhring (ÁDU). Með breyttri legu Vorbrautar og án mótvægisáðgerða er hægt að ná ásættanlegu hljóðstigi fyrir íbúa í Þorrasölum. Þá sýna niðurstöður að ekki er þörf á hljóðvörnum við lóðamörk, samkvæmt deiliskipulagi Þorrasala, né við Vorbraut."

Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Skipulagsnefnd beinir því til umhverfissviðs að sjá til þess að staðssetningar fyrirhugaðra stíga og golfbrauta í Smalaholti verði merktar með áberandi hælum á auglýsingartíma tillögunnar þannig að hlutaðeigandi aðilar geti betur áttað sig á áhrifum þeirra. Eins breytt lega Elliðavatnsvegur norðan Vífilsstaðavatns.

**14. 2410080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til rammahluta Vífilsstaðalands.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá

fundi 27. mars 2025, varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til rammhluta Vífilsstaðalands.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

Tákn fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.05 S leikskóli) á háholti Hnoðraholt er fellt út.

Iðnaðarsvæði (4.22 I, hitaveitutankar) á háholti Hnoðraholt er fellt út.

Gert verður ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustur (4.22 S) þar sem nógildandi skipulag gerir ráð fyrir hitaveitutönkum)

Þar sem að fyrir liggur að Veitur telja ekki þörf á að gera ráð fyrir svæði efst á holtinu fyrir hitaveitutanka gefst færi á að staðsetja leikskóla á stað sem hefur kosti umfram þann stað sem nógildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Lögum og stærð landnotkunarreitanna (4.04.Íb) og (4.18 Op) breytist lítillega.

Tillaga að deiliskipulagi háholts Hnoðraholt gerir ráð fyrir staðsetningu á leikskóla á þeim stað sem að tillaga að breytingu aðalskipulag gerir ráð fyrir.

Í samræmi við 2.mgr.30.gr.skipulagslaga nr.123/2010 vísaði skipulagsnefnd tillögunni til forkynningar. Tillaga að deiliskipulags háholts Hnoðraholt skal forkynnt samhliða breytingartillögu aðalskipulags.

**15. 2502521 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulagsbreytingu fyrir einbýlishúsalóðirnar Skerpluholt 6, 8, 10.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. mars 2025, varðandi umsókn um deiliskipulagsbreytingu fyrir einbýlishúsalóðirnar Skerpluholt 6, 8 og 10. Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarks byggingarmagn lóðanna aukist úr 240 m<sup>2</sup> í 260,5 m<sup>2</sup> og að byggingarreitir stækki um hálfan metra til norðurs og hálfan metra til suðurs.

Fyrir liggur umsögn deiliskipulagshöfundar.

Með vísan í umsögnina er umsókninni hafnað.

**16. 2410383 - Minnisblað um stöðu leigusamnings um svæði á Rjúpnahæð.**

Lagt fram minnisblað Juris um stöðu leigusamnings um 40,13 ha svæði á Rjúpnahæð í eigu Garðabæjar og hugsanleg fyrirhuguð lok leigusamningsins um svæðið.

Í minnisblaðinu kemur fram að ekki verði annað ráðið en að bæði Fjarskiptafélagið Rjúpnahæð ehf. (í eigu Kópavogsbæjar) og Garðabær hafi í reynd hag af því að leigusamningi um Rjúpnahæð, hluta I, ljúki sem fyrst. Af óformlegum umleitunum Garðabæjar og Kópavogsbæjar vegna þessa má ráða að ekki er útilokað að Kópavogsbær sé sama sinnis og jafnvel tilbúinn að segja samningnum upp fyrir lok hans 31. ágúst 2026.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að rita Kópavogsbæ erindi, þar sem óskað verður eftir viðræðum um skil á landsvæðinu, sbr.9.gr. leigusamningsins.

**17. 2412377 - Útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum**

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundarsviðs fór yfir drög að útboði skólamáltíða, en samningar samkvæmt fyrra útboði eru að renna sitt skeið á enda.

Bæjarráð samþykkir að farið verði í útboð á skólamat sem hafi þá valmöguleika að hægt verði að bjóða bæði í skólamáltíðir í öllum skólum í heild eða takmarka boð við eitt eða fleiri svæði.

Bæjarráð felur fræðslu- og frístundasviði framkvæmd útboðsins.

Fleira ekki gert,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 1. apríl 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

## Íþróttá- og tómsundaráð Garðabæjar 37. fundur 2025

Miðvikudaginn 19. mars 2025 kl. 08:00 kom íþróttá- og tómsundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttá-, tómsunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómsundafulltrúi og Linda Udengárd sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómsunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2405510 - Viðurkenningar í skólastarfi

Linda Udengárd Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs gerði grein fyrir tillögu að viðurkenningum fyrir skóla og frístundastarf í Garðabæ.

ÍTG fagnar tillögunni og bendir á mikilvægi þess að börn og ungmenni komi að vali eða tillögugerð í anda barnvæns samfélags, þar sem þau eru umfjöllunarefni í þessum viðurkenningum.

### 2. 2502162 - Nýting hvatapeninga 2024

Skýrsla um nýtingu hvatapeninga árið 2024 var kynnt.

Alls áttu 3886 börn rétt á að nýta sér hvatapeninga árið 2024. Heildarúthlutun ársins 2024 var 163.310.454,- kr. borið saman við 153.772.649,- kr. árið áður.

3020 börn af 3886 börnum sem rétt höfðu á hvatapeningum nýttu sér rétt sinn til hvatapeninga að einhverju leiti árið 2024, eða 77,7% en þau nýttu 76% af sínum rétti til hvatapeninga á árinu.

Greiðslur til félag innan Garðabæjar voru kr. 120.853.806,- (74% af heildargreiðslunum). Hjá Stjórnunni voru nýttar kr. 92.563.384,- (76,6%) eða 56,7% af heildinni og UMFÁ fékk kr. 8.188.331,- (6,8%) eða 5% af heildinni.

Meðaltalsnýting hvatapeninga allra árganga samanlagt var 77%, en 75% árið 2023.

Alls nýttu 24 einstaklingar á aldrinum 5-17 ára 15.000,- kr. viðbótar hvatapeninga, kr. 360.000,- heildar upphæð, sem stóð tekjulægri heimilum til boða.

### 3. 2402393 - Ósk um aðstöðu/styrk fyrir Pílufélag Garðabæjar

ÍTG samþykkir að styrkja Pílufélag Garðabæjar til aðstöðusköpunar í Miðgarði um kr. 750.000,- með sérstakri áherslu á að tryggja aðstöðu fólks með mismunandi fatlanir svo sem vegna hjólastóla. ÍTG leggur áherslu á að Pílufélagið skapi góða íþróttá-umgjörð sem þjóni markmiðum í lýðheilsu- og forvarnastefnu bæjarins.

### 4. 2501248 - Ályktun FLÆT um áfengissölu á íþróttaviðburðum

Ályktun frá Félagi íþróttá-, æskulýðs og tómsundafulltrúa sveitarfélaga um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum lögð fram og kynnt. Í ályktuninni lýsir félagið yfir áhyggjum vegna áfengissölu á íþróttaviðburðum á Íslandi. Íþróttá- og tómsundaráð beinir því til félaga í Garðabæ að huga að þessum málum, virða reglur bæjarins um áfengi í íþróttamannvirkjum, gæta að öryggi barna og

ungmenna og standa vörð um forvarnargildi íþróttahreyfingarinnar. Engar áfengsveitingar eru leyfilegar í íþróttamannvirkjum eða á áhorfendasvæðum í eigu Garðabæjar, nema í afmörkuðum rýmum samkvæmt tilskildum leyfum. Ráðið hvetur til upplýstrar og ábyrgrar umræðu um áfengismál í samfélaginu.

ÍTG tekur undir með FLÆT varðandi mikilvægi íþróttastarfs á Íslandi og þeim öflugra vettvangi sem það er til heilsueflingar, forvarna og félagslegs þroska, sérstaklega meðal barna og ungmenna.

#### **5. 2503276 - Ráðning forstöðumanna íþróttamannvirkja í Ásgarði og á Álftanesi**

Íþrótt-, tómsunda- og forvarnafulltrúi sagði frá ráðningu forstöðumanna í Ásgarð og Breiðumýri á Álftanesi. Kristján Hilmarsson hættir 31. mars nk. eftir 22 ár í starfi hjá Garðabæ. Hann hefur undanfarin 5 ár verið forstöðumaður í Ásgarði, Breiðumýri á Álftanesi, íþrh. Sjúklandsskóla og í Mýrinni. ÍTG þakkar Kristjáni vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar. Íris Svavarsdóttir íþróttifræðingur hefur verið ráðin í Ásgarð og hóf hún störf 12. mars sl. Íris er upp alin í fimleikadeild Stjórnunnar, hefur starfað við verkefnastjórnun hjá FSÍ og kópavogsbæ auk kennslu og þjálfunar.

Ólafur Ólafsson hefur verið ráðinn við íþróttamiðstöðina Breiðumýri á Álftanesi og hefur störf þar 15. maí nk. Hann er íþróttakennari og íþróttifræðingur að mennt og er starfandi íþrótt- og tómsundafulltrúi á Grundarfirði, var áður íþróttastjóri hjá Víkingi í Rvk. Hann hefur verið íþróttakennari og knattspyrnuþjálfari.

ÍTG býður þau Írisi og Ólaf velkomin til starfa.

#### **6. 2502509 - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómsundaráðs Garðabæjar**

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- til Evu Bjarkeyjar Þorsteinsdóttur vegna EM í hópímleikum í Baku, Azerbaján október 2024.

Önnur mál:

a. Frestur til að skila inn tilboðum vegna útboðsins í Miðgarð er liðinn. Engin tilboð bárust. Bæjarráð samþykkti á fundi sínum í gær 18.mars að fela valnefnd vegna útboðsins að ræða við þá aðila sem sýnt höfðu verkefninu áhuga og kallað eftir upplýsingum til þess að skoða grundvöll útleigu rýmisins.

Bæjarráð tilnefndi Hrannar Braga Eyjólfsson, Hörpu Rós Gísladóttur og Brynju Dan Gunnarsdóttur til að sitja í valnefnd vegna útleigu rýmis á 2. hæð í Miðgarði.

b. Formaður ÍTG sat fund með ungmennaráði í gær, 18. mars 2025.

Til umræðu voru samgöngumál og ýmis önnur mál sem tengjast íþrótt- og tómsundaráð.

Fjallað var um ungmennahús, hvatapeninga og sundlaugamál.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**6. fundur 2025**

Fimmtudaginn 27. mars 2025 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag**

Jóhanna Helgadóttir hjá Nordic arkitektum gerði grein fyrir valkostum varðandi umferðarskipulag í Móum og fyrirkomulag bílageymsla í Kjarmóum. Skipulagsráðgjafa falið að fullvinna tillögu sem stefnt verði að að forkynna samhliða tillögum að breytingum á deiliskipulagi Miðbæjar sem eru í mótun.

**2. 2502449 - Vetrarmýri, tillaga að breytingu á deiliskipulagi, leikvangur ofl.**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar. Sigurður Einarsson arkitekt og skipulagsráðgjafi hjá Batteríinu gerði grein fyrir tillögunni sem gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- A. Vetrarbraut 11 og 13 er gert að einni lóð Vetrarbraut 11-13. Byggingarreitum er breytt og starfsemin verður þannig að á 1. hæð verður verslun og þjónusta, 2.-5. hæð verður verslun og þjónusta í þeim hluta sem liggur meðfram Reykjanesbraut, vesturbyggingu, þó með möguleika á íbúðum á 5. hæð. Í þremur álmum austan vesturbyggingar verða íbúðir á 2.-5. hæð.
- B. Lóð Vetrarbrautar 15 er stækkuð að lóðarmörkum Vetrarbrautar 17 og byggingarreitir kjallara beggja lóða eru stækkaðir þannig að þeir mætast og gefa möguleika á samtengingu í kjallara.
- C. Byggingarreitum er breytt og lóðin stækkuð á Vetrarbraut 19. Starfseminni er breytt í atvinnu þ.e. að horft er til að byggja á lóðinni þjónustumiðstöð fyrir aldraða auk hjúkrunarheimilis.
- D. Knattspyrnuleikvangur er færður austar og stúkubyggingar sameinaðar í eina byggingu að vestanverðu. Byggingin verður fyrst og fremst fyrir verslun og þjónustu. Gerð er heimild fyrir bílakjallara undir stúkubyggingu.
- E. Byggingarreitir eru víkkaðir að garði en á móti er sett bundin byggingarlína að götu á lóðunum Vetrarbraut 6-12, 16-28 og 32-34. Hámarksstærðir breytast ekki.

Ennfremur lagt fram minnisblað skipulagsráðgjafa um bílastæðakröfur deiliskipulags Vetrarmýrar.

Skipulagsnefnd felur skipulagsráðgjafa og umhverfissviði að skoða hvort fjölga mætti bílastæðum ofanjarðar í eða í kringum syðsta hluta deiliskipulagssvæðisins.

Skipulagsnefnd leggur til að tillagan verði kynnt fyrir Ungmennafélaginu Stjörnunni.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

**3. 2410080 - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til rammhluta Vífilsstaðalands.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

Tákn fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu (4.05 S leikskóli) á háholti Hnoðraholt er fellt út.

Iðnaðarsvæði (4.22 I, hitaveitutankar) á háholti Hnoðraholt er fellt út.

Gert verður ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustur (4.22 S) þar sem núgildandi skipulag gerir ráð fyrir hitaveitutönkum)

Þar sem að fyrir liggur að Veitur telja ekki þörf á að gera ráð fyrir svæði efst á holtinu fyrir hitaveitutanka gefst færi á að staðsetja leikskóla á stað sem hefur kosti umfram þann stað sem núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Lögum og stærð landnotkunarreitanna (4.04.Íb) og (4.18 Op) breytist lítillega.

Tillaga að deiliskipulagi háholts Hnoðraholt gerir ráð fyrir staðsetningu á leikskóla á þeim stað sem að tillaga að breytingu aðalskipulag gerir ráð fyrir.

Í samræmi við 2.mgr.30.gr.skipulagslaga nr.123/2010 vísar skipulagsnefnd tillögunni til forkynningar. Tillaga að deiliskipulags háholts Hnoðraholt skal forkynnt samhliða breytingartillögu aðalskipulags.

**4. 2409103 - Hnoðraholt-háholt, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi háholts Hnoðraholt. Sigurður Einarsson arkitekt og skipulagsráðgjafi hjá Batteríinu gerði grein fyrir tillögunni.

Tillagan gerir ráð fyrir 15 lóðum fyrir einbýlishús á 1 hæð, 11 lóðum fyrir einbýlishús á 2 hæðum, 18 lóðum fyrir raðhús á 1 hæð og 21 lóð fyrir raðhús á 2 hæðum.

Einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir leikskóla og búsetukjarna fyrir fatlað fólk með stuðningsþarfir.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Tillagan skal forkynnt samhliða með tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til sama svæðis.

**5. 2111064 - Breyting á vaxtarmörkum svæðisskipulags í landi Garðabæjar. Aðal- og svæðisskipulagsbreyting.**

Lagðar fram verkefnislýsingar fyrir tillögu að breytingu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040, annarsvegar og tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 hinsvegar.

Svæðisskipulagstillagan gerir ráð fyrir breytingu á vaxtarmörkum byggðar í Vífilsstaðalandi þannig að þau verði dregin um Elliðavatnsveg frá Vífilsstöðum að hesthúsabyggðinni á Kjóavöllum þannig að hesthúsabyggðin lendi öll innan vaxtarmarka.

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir athafnasvæði í Rjúpnahlíð og Rjúpnadal austan við fyrirhugaðan kirkjugarð í Rjúpnadal.

Gerðar hafa verið breytingar á lýsingarskýrslum m.a. lögð ríkari áhersla á að við mótun tillagna verði tekið sérstakt tillit til nálægðar fyrirhugaðs athafnasvæðis við íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagðar verkefnislýsingar í samræmi við 1.mgr.23.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Skal hún send svæðisskipulagsnefnd og þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu til samþykktar.

**6. 2202488 - Deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts. Golfvöllur og útivistarskógur.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem gerir m.a. ráð fyrir golfvelli og útivistarskógi.

Ábendingar og umsagnir sem borist hafa í forkynningu hafa kallað á ýmsar lagfæringar á tillögunni.

Lagt fram minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu sem inniheldur mat á áhrifum tillögunnar á aðliggjandi byggð af völdum áætlaðrar umferðar á austurhluta Vorbrautar. Unnin hefur verið umferðarspá og hljóðvistargreining og tillit hefur verið tekið til nýjustu breytinga á fjölda íbúða í Hnoðraholti norður. Í niðurstöðu minnisblaðsins segir m.a.:

"Samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins sýnir að umferð vegna breyttrar uppbyggingarforsenda í rammahluta aðalskipulags Vífilsstaðalands er almennt séð minni en gert var ráð fyrir í fyrri greiningum. Þá má gera ráð fyrir að hljóðvist íbúa í Hnoðraholti N séu óbreyttar, ef ekki betri, en áður var gert ráð fyrir. Þ.e.a.s. ef að farið hefur verið í þær mótvægisáðgerðir sem áður voru lagðar til í Hnoðraholti N. Þá sýna greiningarnar einnig að bílaumferð sem mun leita um Vorbraut geti verið á bilinu 2.500-3.000 ökutæki á sólarhring (ÁDU). Með breyttri legu Vorbrautar og án mótvægisáðgerða er hægt að ná ásættanlegu hljóðstigi fyrir íbúa í Þorrasölum. Þá sýna niðurstöður að ekki er þörf á hljóðvörnum við lóðamörk, samkvæmt deiliskipulagi Þorrasala, né við Vorbraut."

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsnefnd beinir því til umhverfissviðs að sjá til þess að staðsetningar fyrirhugaðra stíga og golfbrauta í Smalaholti verði merktar með áberandi hælum á auglýsingartíma tillögunnar þannig að hlutaðeigandi aðilar geti betur áttað sig á áhrifum þeirra. Eins breytt lega Elliðavatnsvegur norðan Vífilsstaðavatns.

**7. 2502521 - Skerpluholt 6, 8, 10 - Umsókn um deiliskipulagsbreytingu**

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu fyrir einbýlishúsalóðirnar Skerpluholt 6, 8 og 10. Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarks byggingarmagn lóðanna aukist úr 240 m<sup>2</sup> í 260,5 m<sup>2</sup> og að byggingarreitir stækki um hálfan metra til norðurs og hálfan metra til suðurs.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar.

Með vísan í umsögnina er umsókninni hafnað.

**8. 2411312 - Hrísholt 1 - Deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norðru sem nær til lóðarinnar Hrísholt 1 að lokinni grenndarkynningu.

Eitt erindi með athugasemd við tillöguna hefur borist.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði.

**9. 2503383 - Holtsbúð 57 - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu girðingar á mörkum einbýlishúslóðarinnar og göngustígs Garðabæjar að austanverðu. Teikning fylgir fyrirspurn en þar kemur fram að hæsti hluti girðingar yrði 1,8 m yfir landi. Skipulagsnefnd bendir á að í samþykkt Garðabæjar um veggi og girðingar sem aðgengileg er á vef Garðabæjar segir: Garðabær sem landeigandi samþykkir almennt ekki veggi eða girðingar á lóðarmörkum sem snúa að opnum svæðum, stígum og safngötum hærri en 1,50 m.

Þar sem að girðingin er uppbrotin og rými fyrir gróður við stíginn fellst skipulagsnefnd á útfærsluna þó að hluti girðingar sé allt að 1,8 m. Þess skal þó gætt við staðsetningu sorpílata að þau byrgi ekki sýn gangandi og hjólandi vegfarenda og dragi þar með úr umferðaröryggi.

**10. 2109102 - Suðurhraun 2a - stækkun - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns að lokinni

grenndarkynningu.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Molduhrauns í samræmi við 2.mgr.43.gr. og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

**11. 2501296 - Kumlamýri 25-27 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Kumlamýrar að lokinni grenndarkynningu. Tillagan nær til parhúslóðarinnar Kumlamýri 25 og 27. Engar athugasemdir hafa borist við tillöguna.

Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Kumlamýrar í samræmi við 2.mgr.43.gr. og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

**12. 2411232 - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna varúðarsvæðis**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna varúðarsvæðis umhverfis álverið í Straumsvík.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**  
**28. fundur 2025**

Miðvikudaginn 19. mars 2025 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2411020 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025**

Úthlutað var úr Þróunarsjóði grunnskóla 2025. Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði úr Þróunarsjóði Garðabæjar kr. 28.000.000.-, í samræmi við reglur sjóðsins. Að þessu sinni bárust 16 umsóknir, sótt var um var um kr. 31.178.075.- Allar umsóknir voru teknar til afgreiðslu. Skólastjórnendur ásamt nokkrum umsækjendum komu sem gestir á fundinn og kynntu sínar umsóknir. Skólanefnd fagnar fjölda áhugaverðra umsókna sem bera vitni um metnaðarfullt og framsækið skólastarf í Garðabæ.

**2. 2503237 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Endurnýjun námsefnis og rafræn próf í ensku**

**3. 2503236 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Að efla tengsl á milli árganga, setja sig í spor annarra, auka ábyrgð og samkennd**

**4. 2503235 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Hvað kostar að lifa**

**5. 2503233 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Íslenskan er okkar - hugmyndir að verkefnum til að styðja við mál- og málnóttun nemenda**

**6. 2503020 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Verklegar æfingar í náttúrufræði á unglíngastigi**

**7. 2503019 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Byggjum á rannsóknum og reynslu - Innleiðing Morningside móðelsins, 4. innleiðingarár**

**8. 2503018 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Ígrundun og þróun námsmenningar leiðsagnarnáms nemendum í hag - Starfendarannsókn**

**9. 2503017 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Ekki rusl heldur fjársjóður! Textílelndurnýting.**

10. **2503015 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Öflugri strákar**
11. **2503014 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Litlu Lestrarhestarnir 3**
12. **2503013 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Vináttufærni**
13. **2503012 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025- UPPRIGHT - félags- og tilfinningaþjálfun**
14. **2503011 - Þróunarsjóður grunnskóla -2025- Þema í skóla án aðgreiningar**
15. **2503010 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025- Að hafa gagn og gaman af lestri**
16. **2502118 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Spornað við skólaforðun**
17. **2501503 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025 - Samþætting náttúru- og samfélagsfræði 8. bekkur**

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar 29. fundur 2025

Miðvikudaginn 26. mars 2025 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Sesselja Þóra Gunnarsdóttir fulltrúi skólustjóra og Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2301082 - Aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026

Snædís Björnsdóttir, lögfræðingur á velferðarsviði, kynnti aðgerðaráætlun Garðabæjar í jafnréttismálum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

### 2. 2408207 - Grunnskólar, árangur og líðan

Gísli Guðjónsson hjá Deloitte kynnti vinnu við gerð tölfræðigagna á námsmati, líðan barna og mætingu í grunnskólum Garðabæjar. Til kynningar voru drög að framsetningu á gögnum er varða íslensku- og í stærðfræði í 4.b. 7. b. og 10.b. Sviðsstjóra fræðslusviðs, grunnskólafulltrúa og sviðsstjóra þjónustu og þróunarsviðs ásamt formanni skólanefndar er falið að vinna áfram að niðurstöðum og gera tillögur að næstu skrefum inn á fund skólanefndar grunnskóla. Skólanefnd þakkar mikilvæga vinnu og ekki síst aðkomu grunnskólanna að gagnavinnslu.

### 3. 2411020 - Þróunarsjóður grunnskóla 2025

Lagt var fram til kynningar upplýsingar um úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar 2025. Að þessu sinni bárust 16 umsóknir. Skólanefnd lagði til við bæjarráð að úthlutað yrði úr Þróunarsjóði Garðabæjar kr. 28.000.000.-, í samræmi við reglur sjóðsins.

### 4. 2412377 - Útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum

Sviðsstjóri fræðslusviðs kynnti verklag og helstu ákvæði í útboðsgögnum vegna skólamáltíða í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

### 5. 2411106 - Íslenska Æskulýðsrannsóknin

Sagt var frá framkvæmd Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og fyrirhugaðri kynningu á niðurstöðum 2025.

### 6. 2503263 - Fyrirlögn PISA 2025

Lagt fram til kynningar.

## **7. 2503488 - Aukin skólaþjónusta í grunnskólum**

Sviðsstjóri fræðsluviðs og frístundasviðs kynnti aukna skólaþjónustu í Garðabæ sem felst í stuðningsviðtölum sálfræðinga fyrir elstu árgangana og námskeiði fyrir forráðafólk barna með vægan kvíða.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Velferðarráð Garðabæjar**  
**3. fundur 2025**

Föstudaginn 21. mars 2025 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 2403006 - Frumkvæðisathugun á reglum sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu**  
Kynning á niðurstöðum frumkvæðisathugunar. Garðabær uppfyllir allar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu nema reglur um frístundaþjónustu, sem hafist er handa við að vinna innan velferðarsviðs. Stefnt er að því að leggja drög að reglum um frístundaþjónustu fyrir velferðarráð í maí nk.
- 2. 2409233 - Frumkvæðisathugun á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu.**  
Kynning á niðurstöðum frumkvæðisathugunar á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og eldra fólk á landsvísu. Engar athugasemdir bárust tengdar þjónustu Garðabæjar.
- 3. 2306307 - Vinna og virkni fatlaðs fólks í Garðabæ**  
Farið yfir tímalínu minnisblaðs sem lagt var fram á síðasta fundi velferðarráðs. Sviðsstjóri upplýsir um þá þætti sem hafa verið til skoðunar.
- 4. 2209275 - Tillaga um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk**  
Umræða. Stefnt er að því að niðurstöður rýnihópa liggi fyrir í lok maí nk.
- 5. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti**  
Farið yfir tímalínu minnisblaðs sem lagt var fram á síðasta fundi velferðarráðs. Sviðsstjóri upplýsir um þá þætti sem hafa verið til skoðunar.
- 6. 2205327 - Móttaka flóttafólks - staða mála.**  
Staða verkefnis í samræmdri móttöku flóttafólks, Guðrún Jónsdóttir, verkefnastjóri samræmdrar móttöku upplýsti um stöðu verkefnis og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.
- 7. 2101189 - Samráðsfundir velferðasviða hjá SSH**  
Fundargerð sviðsstjóra SSH frá 12.2.2025 lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**601. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. mars 2025  
og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Fráveitumál hbsv. Forathugun -Sóknaráætlun 2024 - 2404004**

Meðal áhersluverkefna sóknaráætlunar 2024 var að kortleggja og greina fráveitumál á höfuðborgarsvæðinu, og hefur vinna staðið yfir við það, sér í lagi m.t.t. nýrrar tilskipunar ESB um fráveitumál í þéttbýli. Framkvæmdastjóri og ráðgjafar verkefnisins kynna stöðu þess og þær niðurstöður sem nú liggja fyrir. Umræður.

**Gestir**

Einar Kristján Stefánsson ráðgjafi.

Guðjón Bragason ráðgjafi.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra er falið að vinna nánari áætlun um næstu skref SSH í málinu.*

**2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007**

Áframhaldandi umræður frá 600. fundi stjórnar. Framkvæmdastjóri ásamt Birgi Birni Sigurjónssyni kynni stöðu málsins og tímalínu hvað varðar undirbúning stofnunar nýs félags um rekstur almenningssamgangna. Umræður.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**3. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007**

Staðfest hefur verið að stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál hafi fjallað um áhersluverkefni SSH 2025 og að þau hafi verið staðfest til samræmis við afgreiðslu 599. fundar stjórnar SSH. Brugðist hefur verið við ábendingum hópsins



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

sem voru minni háttar og er yfirlit áhersluverkefna svo breytt fyrirbyggjandi. Lagt er til að framvæmdastjóra verði falið að koma umræddum áhersluverkefnum af stað og ganga frá og undirrita samninga vegna þeirra eftir því sem við á.

Þá liggur fyrir tölvupóstur innviðaráðuneytisins dags. 4. mars 2024 þar sem óskað er eftir fundi með stjórn, sér í lagi formanni, SSH og starfsfólki til að ræða framgang sóknaráætlunar. Fyrirhugað er að sá fundur fari fram mánudaginn 24. mars kl. 13:00.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt. Framvæmdastjóra er falið að koma umræddum áhersluverkefnum af stað og ganga frá og undirrita samninga vegna þeirra eftir því sem við á.*

**4. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur-Invest in Reykjavík-Sóknaráætlun 2020-2024 - 2103008**

Ofangreint var einnig á dagskrá 600. fundar stjórnar en ekki gafst tími til að taka málið til umræðu þá og var henni því frestað. Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur - Invest in Reykjavík var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar á árinu 2024. Fyrirbyggjandi eru minnisblað og skýrsla Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um feril og framvindu verkefnisins. Þar koma fram tillögur um áframhald þess, m.a. tillögur um ákveðnar skammtímaðgerðir sem fela m.a. í sér myndun faghóps um verkefnið.

Kostnaðarmat vegna slíkra skammtímaáðgerða nemur 12,5 til 13 milljónum á fyrsta ári. Lagt fram til kynningar en lagt er til að málið verði tekið til skoðunar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Málið verði þá tekið til skoðunar í tengslum við fjárhagsáætlunargerð ársins 2026.*

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarness fór af fundi.

**5. Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis - 1812001**

Fyrirbyggjandi er tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands, dags. 4. mars 2025, þar sem fram kemur beiðni um tilnefningu stjórnar SSH á fulltrúa í minjaráð Reykjavíkur og nágrennis en núgildandi tilnefnding rennur út 7. september nk. Núverandi fulltrúar SSH í ráðinu eru Auður Dagný Kristinsdóttir og Nikulás Úlfar Másson til vara. Gerð er tillaga um að þau verði tilnefnd áfram af hálfu SSH.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt. Skrifstofu SSH er falið að tilkynna um tilnefningu samkvæmt framangreindu.*

**6. Heilbrigðisumdæmi - hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins - 2205003**

Fyrirbyggjandi er erindi Brjáns Jónassonar, samskiptastjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. febrúar 2025, þar sem fram kemur beiðni um fund með stjórn SSH.

**Niðurstaða:**

*Framkvæmdastjóra er falið að bjóða Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á fund*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*stjórnar 5. maí nk. og móta dagskrá þess fundar.*

**7. SSH og lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins - samstarf og upplýsingagjöf - 2207002**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með beiðni um fund embættisins með stjórn SSH, en slíkir fundir hafa farið fram u.þ.b. einu sinni á ári undanfarin ár.

**Niðurstaða:**

*Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa slíkan fund.*

**8. Norræn ráðherranefnd. Byggða- og skipulagsmál - Tilnefning fulltrúa - 2503004**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Hönnu Dóru Hólm Másdóttur, sérfræðingi hjá Innviðaráðuneytinu, þar sem óskað er eftir að Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri, taki sæti sem svæðisfulltrúi í vinnuhópi Norrænu ráðherranefndarinnar um byggða- og skipulagsmál. Fyrirliggjandi er einnig minnisblað svæðisskipulagsstjóra um samstarfið.

Lagt er til að Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins taki sæti svæðisfulltrúa í vinnuhópnum fyrir hönd SSH.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

**9. SSH starfsfólk - 2006002**

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga framkvæmdastjóra um ráðningu sumarstarfsmanns á skrifstofu SSH.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**602. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 28. mars 2025  
og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Halla Karen Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007**

Fyrirliggjandi eru drög að stofnskjölum nýs félags um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þau voru áður lögð fram á 598. fundi. Framkvæmdastjóri kynnir.

Umrædd drög ásamt fyrirliggjandi minnisblaði eru nú lögð fram að nýju og lagt til að þau verði send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu. Afgreiðslu málsins á vettvangi sveitarfélaganna verði lokið á fundum sveitarstjórna í apríl.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

**Niðurstaða:**

*Samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að senda fyrirliggjandi drög að stofnskjölum hins nýja félags til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu.*

**2. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007**

Til umræðu eru önnur atriði er tengjast stofnun nýs félags um rekstur almenningssamgangna og Strætó bs., s.s. er varðar þjónustusamning félagsins og eigenda þess, fyrirhugaða samninga nýja félagsins við Strætó bs. um akstur og yfirfærslu verkefna, og mat eigna innan Strætó bs. Einnig þarf að undirbúa kynningu málsins fyrir Stefnuráði byggðasamlaganna.

**Gestir**

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

**Niðurstaða:**

*Umræður. Skrifstofu SSH er þá falið að undirbúa fund Stefnuráðs byggðasamlaganna vegna málsins.*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**



## FUNDARGERÐ 513. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 5. mars 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja staðfund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, og Valdimar Víðisson.

**Sækja fjarfund:** Svana Helen Björnsdóttir.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Ársreikningur SORPU bs. 2024 og endurskoðunarskýrsla fyrir starfsárið 2024

Theodór S. Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi hjá Grant Thornton og Sigrún Guðmundsdóttir, fulltrúi í endurskoðunarnefnd SORPU bs., taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Gestir og fjármálastjóri gera grein fyrir ársreikningi SORPU bs. 2024 og endurskoðunarskýrslu fyrir starfsárið 2024.

Lagt var fram bréf endurskoðunarnefndar, dagsett 3. mars 2025.

Stjórn samþykkir ársreikning SORPU bs. 2024.

Ársreikningur SORPU bs. 2024 og endurskoðunarskýrsla fylgja fundargerð.

#### 2. Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2024

Sigrún Guðmundsdóttir og Jón Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi hjá PWC sitja fundinn undir þessum lið og gera grein fyrir skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2024.

#### 3. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar

Sigrún Guðmundsdóttir situr fundinn undir þessum og gerir grein fyrir starfsskýrslu endurskoðunarnefndar SORPU bs.

Fullgild rafræn undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139  
2025-03-05 11:44:38 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3509  
2025-03-05 16:47:35 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 161066-4869  
2025-03-05 09:51:16 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUNNAR VALUR GÍSLASON

Kennitala: 060358-6809  
2025-03-05 09:52:17 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR

Kennitala: 201260-2469  
2025-03-05 10:01:53 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR

Kennitala: 071076-4829  
2025-03-05 11:04:05 GMT  
Ástæða: Undirskrift



#### **4. Starfskjaranefnd**

Formaður starfskjaranefndar fór yfir vinnu starfskjaranefndar.

#### **5. Minnisblöð um árangur af handflokkun drykkjarferna, og um kostnað við flokkunina – frestað**

Stjórn SORPU bs. kallaði á 511. fundi eftir greiningu á árangri og kostnaði við flokkun á drykkjarfernum sem ákveðið var að ráðast í um mitt ár 2023.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gerir grein fyrir drögum að minnisblaði um árangur af handflokkun drykkjarferna í blönduðum pappírsstraumi frá SORPU bs., og minnisblaði um kostnað við handflokkunina.

Minnisblað um kostnað við handflokkunina fylgir fundargerð.

#### **6. Jafnlaunastefna og innkaupastefna SORPU**

Ingí Jarl Sigurvaldason, innkaupastjóri, og Kolbrún Sif Skúladóttir, mannauðsstjóri, taka sæti á fundinum og gera grein fyrir innkaupastefnu og jafnlaunastefnu SORPU.

Stjórn samþykkir jafnlaunastefnu og innkaupastefnu SORPU.

#### **7. Önnur mál**

Stjórn fær senda kynningu á niðurstöðum rannsóknar á úrgangi við heimili fyrir árið 2024.

Kynningin fylgir fundargerð.

#### **Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður 2. apríl klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:49.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**136. fundur svæðisskipulagsnefndar  
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 14. mars 2025  
og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**

Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

**Dagskrá:**

**1. Veitur - Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins - 2503003**

Að beiðni Veitna komu fulltrúar þeirra á fund svæðisskipulagsnefndar og kynntu stöðu vatnsverndar ásamt helstu áherslum og áskorunum við vatnsvernd í landi Heiðmerkur.

**Gestir**

Bryndís Björnsdóttir, sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum hjá Veitum -  
Hrefna Hallgrímsdóttir, forstöðukona vatnsmiðla hjá Veitum -  
Pétur Krogh Ólafsson, forstöðumaður sjálfbærni og viðskiptaþróunar hjá Veitum -

*Fulltrúar Veitna fóru yfir kynningu sína og svöruðu spurningum.*

**2. KÓP Gunnarshólmi Breytt svæðisskipulag-Vaxtamörk - 2503001**

Fyrirliggjandi er bréf, dags. 7. mars 2025, frá verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogsbæjar f.h. skipulagsfulltrúa, þar sem óskað er eftir að svæðisskipulagsnefnd taki til meðferðar breytingu á vaxtamörkum svæðisskipulags fyrir Geirland og Gunnarshólma. Bréfinu fylgja einnig drög að lýsingu vegna breytinganna, dags. 21. janúar 2025, ásamt fylgigögnum. Tilgangur breytinganna er að skilgreind séu vaxtamörk um land Gunnarshólma og Geirlands vegna fyrirætlana um uppbyggingu íbúðabyggðar- og þjónustukjarna. Um ræðir 6-7 þúsund búsetueiningar fyrir allt að 10 þúsund íbúa auk húsnæðis fyrir nýsköpun, heilsu og þjónustustarfsemi. Um gerð og breytingar á svæðisskipulagi fer samkvæmt 6. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Starfsmenn Kópavogsbæjar og ráðgjafi frá verkfræðistofunni VSÓ voru gestir undir þessum dagskrárlið og kynntu erindið á fundinum.

**Gestir**

Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar -



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Stefán Gunnar Thors, VSÓ -

Andrea Kristinsdóttir, verkefnastjóri aðalskipulags Kópavogsbæjar -

*Lagt fram til kynningar.*

*Svæðisskipulagsstjóra er falið að greina málið frekar og vinna greiningu á sviðsmyndum fyrir áframhaldandi meðferð málsins og leggja fyrir næsta fund.*

**3. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

Fyrirliggjandi er tillaga að fundardagskrá svæðisskipulagsnefndar fyrir haustið 2025.

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.**